



Námsvísir 2022-2023

6. bekkur

Námshgrein: Stærðfræði

Kennari/kennarar: Rósa Kristín Indriðadóttir og

Gunnhildur Gunnarsdóttir

Samvinna - Sjálfstæði

Gleði -

### Markmið

#### Að nemendur geti:

#### Verklag

- lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.
- rannsakað, túlkað, greint, sett fram tilgátur á skipulegan hátt bæði munnlega og skriflega og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota tölur, texta, teikningar, hlutbundin gögn og upplýsingatækni
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum leiðum og hugmyndum nemenda
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði

#### Tölur og reikningur

- notað ræðar tölur ( $-2$ ,  $0,3$ ,  $\frac{1}{2}$ ,  $15$ ), við útreikning, raðað þeim og borið saman
- nýtt sér margföldunartöfluna án hjálpargagna
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur eins og víxl regluna ( $a+b=b+a$ )
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu og geti notað þau við útreikninga

#### Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar á fjölbreyttan hátt
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað, ummál og flatarmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir mælingunum.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Staðsett hluti og myndir í hnitakerfi

#### Tölfræði

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum með töflum og súluritum og fundið miðgildi, hæsta gildi, lægsta gildi og tíðasta gildi
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.
- Reiknað út líkur í einföldum tilvikum

### **Kennsluaðferð / vinnulag**

Námsefnið er unnið í 4 vikna lotum sem enda með verkefnavinnu eða könnun.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og innlagnir á töflu, stöðvavinna, leiðsagnarnám, þrautalausnir, þjálfunaræfingar, útlistunarkennsla, námsleikir, námsspil og ýmislegt ítarefni frá kennurum. Nemendur vinna ýmist í hópum, þörum eða í einstaklingsvinnu háð hverju verkefni fyrir sig.

### **Námsmat**

Námsmat er mismunandi fyrir hverja lotu, t.d.

- Könnun í lok kafla
- Virkni í tímum
- Sjálfstæði
- Uppsetning í reikningsbók
- Para- og hópavinna, einstaklingsvinna
- Rafræn verkefni
- Útistærðfræði

Jafningjamat og sjálfsmat

### **Námsgögn**

Stika 2a, 2b og æfingabók

Ýmislegt efni af vef

Spil og hlutbundin verkefni

Spjaldtölvur

Seesaw